



## Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 27. febrúar 2014 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir formaður, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum undir lið 2 var Jón Þór Kjartansson, starfsmaður Reykhólahrepps.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1304042 – Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 30. apríl 2013.

*Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.*

#### 2. 1402025 – Sorpmál.

*Jón Þór Kjartansson var sérstakur gestur undir þessum lið, hann fékk orðið. Hann ræddi um stöðuna á sorpmálum, frágang á flokkuðum úrgangi. Hann ræddi um merkingar við Karlseyjarveg, vísun á endurvinnslustöðina fyrir ferðamenn, um millifærslu á kostnaði vegna sorphreinsunar hjá fyrirtækjum hreppsins nú þegar gámarnir eru farnir, þá sér hann sem starfsmaður um að hirða sorpið. Nefndin þakkaði Jóni framsöguna. Nefndin stefnir á að hitta Gámaþjónustuna fljótlega og fara yfir málin.*

#### 3. 1304043 – Umhverfisdagurinn 2014.

*Lagt er til að hinn árlegi Umhverfisdagur verði haldinn 10. maí 2014. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.

*Reglurnar eru ekki tilbúnar, Kolfinna og Ásta Sjöfn vinna áfram að málinu.*

### Önnur mál (ef einhver):

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.10.**
